

Ágúst 2023



Sumar-fréttabréf Skýjaborgar

Júní

Það var margt í gangi hjá okkur í Skýjaborg í sumar. Í upphafi mánaðarins tókum við á móti okkar sjöunda grænfána. Við settum upp okkar árlegu vorsýningu í Stjórnsýsluhúsi Hvalfjarðarsveitar. Góð sumardagskrá var í gangi þar sem lagt var áherslu á útinám með löngum og góðum útiverum þar sem starfsfólk undirbjó ýmsar stöðvar í garðinum og héldu einnig vikulega uppbrotsdaga. Á uppbrotsdögum var meðal annars búningadagur, andlitsmálning og útidótadagur. Guðrún kom aftur til starfa eftir ársleyfi.



Kveðja

Eftir viðburðarríkan júní-mánuð kvöddum við 11 börn sem voru að klára sitt fyrsta skólastig og hófu grunnskólagöngu í Heiðarskóla nú í haust. Við óskum þeim og fjölskyldu þeirra til hamingju með þennan stóra áfanga í lífinu. Við kvöddum einnig lausráðið starfsfólk, þær Kristel, Kingu og Védísi. Við þökkum þeim fyrir samstarfið og samveruna. Vegna fækkunar barna var ekki möguleiki á áframhaldandi starfi fyrir þær.

Sumarlokun

Leikskólinn var lokaður í 4 vikur í sumar. Frá 10. júlí – 4. ágúst.

Ágúst 2023

Ágúst



Lífið fór vel af stað í Skýjaborg eftir sumarlokun. Lagt var áherslu á frjálsan leik og góða aðlögun. Engir nýjir starfsmenn í húsi, en einhverjir að færast á milli deilda og einnig nokkur börn að færast af Dropanum yfir á Regnbogann. Aðalmálið er að öllum líði vel. Í byrjun september hefjast hópatímar og vinastundir.

Ágústmánudur fór rólega af stað með mun færri börn heldur en hafa verið í leikskólanum undanfarin ár, eða 24. Að auki hófu tvö börn leikskólagöngu sína nú í ágúst. Við kveðjum eitt barn nú um mánaðarmót og eitt barn kemur aftur inn til okkar. Í heildina verða því 26 börn í Skýjaborg, 16 á Regnboganum og 10 á Dropanum.

Skipulagsdagur

Starfsfólk hóf svo formlega skólaárið með skipulagsdegi 14. ágúst. Ágúst-skipulagsdagurinn er ávallt sameiginlegur með Heiðarskóla og að hluta öllu starfsfólki Hvalfjararðarsveitar. Að þessu sinni var farið yfir nýjar stefnur Hvalfjarðarsveitar: *Jafnréttisstefnu Hvaljarðarsveitar og Stefnu Hvalfjarðarsveitar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.* Farsæld barna í Hvalfjarðarsveit var kynnt stuttlega ásamt því að farið var yfir barnavernd. Starfsfólk fékk einnig fræðslu um lífstíl frá Vinnuvernd og svo endaði dagurinn á stuttum starfsmannafundi og deildarfundum.



Kveðja

Í ágúst fékk Tedda ársleyfi frá Skýjaborg. Svo kvöddum við Hildi sem er að hætta hjá okkur flytja annað. Við óskum Teddu góðs gengis í nýjum verkefnum næsta árið og þökkum Hildi fyrir samstarfið og samveruna.